

Reikningur

129

yfir tekjur og gjöld hins almenna kirkjusjóðs 1897.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:			
a. Lán	kr. 32,439,38		
b. Á vöxtum í landsbankanum	— 7,582,63		
c. Oborgaðir vextir frá 1896	— 101,51		
d. Í peningum	— 198,52	kr. 40,322,04	
2. Innborgað kirknafje		— 5,723,98	
3. Vextir:			
a. Vextir á árinu 1897	— 1,221,92		
b. Vextir frá árinu 1896	— 101,51		
c. Dagvextir	— 43,12		
d. Vextir af bankainnlögum	— 175,47	— 1,542,02	
4. Ofreiknaður hlutfallslegur ágóði 4 kirkna árið 1896 (sbr. gjaldlið 2. a. d.), lagður til hins almenna kirkjusjóðs		— 7,53	
5. Endurborguð lán og afborganir		— 6,422,04	
6. Gjaldliður 4. færður til jafnaðar		— 14,600,00	
			Samtals kr. 68,617,61

Gjöld:

1. Útborguð inneign kirkna:			
a. Skinnastaðakirkju	— 197,35		
b. Arnarbæliskirkju	— 98,56		
c. Ólafsvallakirkju	— 1,160,74		
d. Gaulverjabæjarkirkju	— 300,00		
e. Stærri Árskógskirkju	— 559,45	— 2,315,10	
2. Oftalinn hlutfallslegur ágóði við árslok 1896:			
a. Helgafellskirkju	— 4,79		
b. Hróarsholtskirkju	— 1,81		
c. Sandakirkju	— 91		
d. Uppsakirkju	— 02	— 7,53	
3. Höfuðbók		— 5,50	
4. Lánað út		— 14,600,00	
5. Skuldabryjef Strandakirkju afhent		— 200,00	
6. Tekjuliður 3. b. færður til jafnaðar		— 101,51	
7. Tekjuliður 5. færður til jafnaðar		— 6,422,04	
8. Sjóður við árslok 1897:			
a. Lán	— 40,617,34		
b. Á vöxtum í landsbankanum	— 2,288,10		
c. Í peningum	— 2,059,49	— 44,964,93	
			Samtals — 68,617,61

129

Aths. Orsökinn til þess að svo mikil upphæð hefði legið fyrir í peningum við árslok, er sú, að lán eitt var borgað 31. desbr. 1897, en landsbankinn var eigi opinn fyrir en 7. janúar 1898; var þá peningaforðinn látinn í hann.

Stiptsyfirvöld Íslands, Reykjavík 7. marz 1898.

J. Havsteen. Hallgr. Sveinsson.

Embættaskipun, sýslana, m. m.

26. septbr. var *hjeraðslæknir í 17. lækni-shjeraði Bjarni Jensson* allramildilegast skipaður *hjeraðslæknir í 15. lækni-shjeraði Íslands*.

8. oktbr. var *prestakólakandidat Sigtryggur Guðlaugsson* af landshöfðingja settur til þess að þjóna *Svalbarðsprestakalli* og *Presthólaprestakalli* fyrst um sinn til fardaga 1899.

S. d. var *can. theol. Friðrik Hallgrímsson* af landshöfðingja skipaður *prestur holdsveikraspítalans í Laugarnesi* frá 1. oktbr. 1898 að telja.

Brezkur konsúll.

30. ágúst var íslenzkur kaupmaður *Jón Vildalín* af hans hátign konunginum viður kenndur *brezkur konsúll fyrir Ísland*.

Oveitt embætti

er ráðgjafinn fyrir Ísland sjer um veiting þess:
Hjeraðslæknisembættið í 17. lækni-shjeraði Íslands er laust. Árslaun 1500 kr.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, verða þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsráskurðun 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863 að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi skilríki fyrir því að þeir kunni íslenzka tungu.

Auglýst laust 27. septbr. 1898.

Umsóknarfrestur til 25. febrúar 1899.